



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Reykjavíkurborg

Samstarfssamingur milli Reykjavíkurborgar og Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg og Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, gera með sér eftirfarandi Samstarfssamning:

1. gr.

Markmið

Markmið þessa samnings er að auka samstarf Reykjavíkurborgar og Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands á sviði rannsókna með því að veita nemendum á Félagsvísindasviði tækifæri til að vinna verkefni í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Með samstarfssamingnum er nemendum gert kleift að vinna að mikilvægum rannsóknum í tengslum við verkefni á sviði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Þannig gefst nemendum tækifæri til að auka við þekkingu sína, færni við meðferð gagna og reynslu af rannsóknarvinnu ásamt því að fá tengsl við atvinnulífið, vinna með fólki á vettvangi með mikilvæg gögn þar sem þekking og reynsla borgarinnar og fræðimennska við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands nýtast. Ávinningur nemenda af þessu samstarfi er augljós. Ávinningur Reykjavíkurborgar er að fá áhugasama nemendur til að vinna verkefni úr þeim gögnum sem skapast í verkefninu og þannig rannsaka gæði þeirrar stefnu og vinnu sem unnið er að innan borgarinnar.

2. gr.

Gildissvið

Samningur þessi gildir um samskipti og samvinnu Reykjavíkurborgar og Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands um aðgang nemenda að aðstöðu, gögnum og aðstoð sérfræðinga við vinnu að fyrirfram ákveðnum og vel skilgreindum verkefnum. Nánar er fjallað um mótun og val verkefna í þriðju grein, „Hlutverk og framkvæmd“.

Samningur þessi nær eingöngu til verkefnavinnu nemenda við Félagsvísindasvið. Hann tekur ekki til nemenda í öðru námi við Háskóla Íslands eða nemenda annarra skóla.

Fjöldi verkefna sem nemendum Félagsvísindasviðs býðst að vinna í samstafi við Reykjavíkurborg fer eftir samkomulagi milli aðila samningsins.

3. gr.

Hlutverk og framkvæmd

Reykjavíkurborg skal móta hugmyndir að verkefnum sem nemendur geta unnið fyrir Reykjavíkurborg og nýtist þeim við gerð lokaritgerða eða annarra verkefna við Félagsvísindasvið. Deildir Félagsvísindasviðs skulu yfirfara allar hugmyndir og tryggja að þær samræmist reglum og viðmiðum deilda um rannsóknarverkefni nemenda. Félagsvísindasvið virkjar nemendur til að vinna verkefni fyrir Reykjavíkurborg sem annað hvort eru lokaverkefni eða verkefni tengd námskeiðum á sviðinu. Það er í höndum Félagsvísindasviðs að útfæra nánar skipulagsatriði sem tengjast vinnu við verkefni nemenda, í tengslum við tengilið innan Reykjavíkurborgar. Aðalleiðbeinandi skal ætíð vera fastur kennari við Félagsvísindasvið, en meðleiðbeinandi getur komið frá Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg útvegar nemendum aðgang að þeim gögnum sem nauðsynleg eru fyrir verkefnið eftir því sem við á, sem og aðstoð sérfræðinga borgarinnar.

Hlutverk Reykjavíkurborgar er að:

- Móta hugmyndir að verkefnum sem nemendur geta unnið fyrir Reykjavíkurborg og nýtist þeim við gerð verkefna við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
- Útvega nemendum aðgang að nauðsynlegum gögnum eftir því sem við á meðan á verkefnavinnu stendur
- Veita nemendum aðstoð og leiðbeiningu við verkefnavinnu meðan á henni stendur

Hvorki fylgir föst vinnuástaða né laun fyrir vinnu nemenda

Hlutverk Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands

- Annast yfirferð verkefnahugmynda og tryggja að þær samræmist reglum deilda sviðsins um verkefnavinnu
- Velja verkefni úr lista verkefnahugmynda frá Reykjavíkurborg
- Koma á tengslum milli Reykjavíkurborgar og nemenda sem fengnir hafa verið til að vinna verkefni í samstarfi við Reykjavíkurborg
- Annast fræðilega leiðbeiningu nemenda og veita þeim fræðilega þekkingu í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

4. gr.

Gildistími og uppsögn

Samningur þessi gildir til 2018 en þá er áformað að kynjuð fjárhags- og starfsáætlun hafi verið að fullu innleidd hjá Reykjavíkurborg.


5.gr
Önnur atriði

Tengiliðir: Tengiliður Reykjavíkurborgar er verkefnisstjóri um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Tengiliðurinn mun safna saman verkefnum og leggja fram til deilda Félagsvísindasviðs. Tengiliður Félagsvísindasviðs er kennslustjóri sviðsins.

Meðferð gagna: Meðferð á gögnum skal í einu og öllu vera í samræmi við lög um persónuvernd nr. 77/2000 um meðferð trúnaðargagna. Nemendur skulu skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar um meðferð gagna áður en þeim er veittur aðgangur að gögnunum eða öðrum upplýsingum.

Tímamörk: Tímamörk verkefna skulu almennt vera tvö misseri, eða um níu mánuðir. Undantekningar frá þessu má þó gera að fengnu samþykki beggja aðila, Reykjavíkurborgar og Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.


Reykjavík, 2. desember 2014



Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs



Birgir Björn Sigurjónsson, formaður stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð hjá Reykjavíkurborg



Herdís Sólberg Haraldsdóttir, sérfræðingur stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð hjá Reykjavíkurborg